

**Nd.**

### **31. Frumvarp**

til laga um ríkisútgáfu skólabóka.

Flm.: Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson.

#### **1. gr.**

Allar þær bækur, sem á hverjum tíma eru löggiltar til kennslu í barnaskólum, skulu gefnar út og seldar af ríkinu, enda náist samningar við eigendur um útgáfuréttinn.

#### **2. gr.**

Yfirstjórn útgáfunnar hefir útgáfustjórn. Hana skipa 3 menn, fræðslumálastjóri, sem er formaður stjórnarinnar, og 2 menn tilnefndir til 3 ára í senn, annar af stjórn sambands islenskra barnakennara, en hinn af menntamálaráðinu. Heimilt er kennslumálaráðherra að ákveða útgáfustjórninni þóknun fyrir starf hennar, og greiðist sú þóknun úr ríkissjóði.

#### **3. gr.**

Útgáfustjórn sér um, að jafnan sé nægilegt til af þeim bókum, sem gefa skal út, og nægur forði á þeim stöðum, þar sem nota skal bækurnar. Hún semur um ritlaun og útgáfurétt, prentun, bókband og útsendingu, ákveður útsöluverð bókanna, sér um innheimtu andvirðis og annað það, sem að útgáfunni

lýtur. Heimilt er stjórninni að ráða mann eða menn til þess að vinna að þessu, ef með þarf.

**4. gr.**

Bækurnar skulu seldar til jafnaðar við kostnaðarverði. Skal leitast við að gera útgáfu bókana ódýra, en þó vandaða.

**5. gr.**

Skólastjórar barnaskólanna sjá um sölu bókana hver í sínum skóla og fá fyrir það 10% af andvirði bókana. Sömu sölulaun geta og aðrir fengið, sem vilja hafa bækurnar til sölu. Útgáfustjórnin setur reglur um tryggingu fyrir greiðslu andvirðis bókana og reikningsskil.

Bæjar- eða sveitarfélög, sem kaupa bækur til útbýtingar ókeypis meðal fátækra skólabarna, fá afslátt, sem nemur þóknun útsölumanna.

**6. gr.**

Ríkissjóður leggur fram til útgáfunnar 10000 kr. á ári í 5 ár frá því að útgáfan tekur til starfa. Af stofnfé þessu skulu engir vextir greiddir. Ef útgáfan þarf á meira rekstrarfé að halda, lánar ríkissjóður það gegn 6% ársvöxtum.

**7. gr.**

Heimilt er stjórn útgáfunnar að ákveða að gefa út og selja á sama hátt aðrar skólabækur en þær, sem löggiltar eru. Ennfremur getur hún gefið út eða haft til sölu landabréf, veggmyndir og aðrar skólanauðsynjar.

**8. gr.**

Stjórn útgáfunnar rannsakar, hve miklar birgðir séu til af þeim bókum, sem gefa skal út samkvæmt þessum lögum, og sér um, að nýjar útgáfur af þeim verði til jafnskjótt og eldri útgáfur þrjóta.

**9. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Greinargerð.**

Frv. þetta lá fyrir síðasta Alþingi og er nú flutt aftur með nokkrum lagfæringum.

Hér fer á eftir, nokkurnveginn orðrétt, hin sama greinargerð, er fylgdi frv. í vetur:

Það má svo kalla, að bóknám sé nær eingöngu lagt til grundvallar í barnaskólum vorum. Skólabækur hafa því geysilega þýðingu við allt nám barnanna og störf kennaranna. Gjarnan má segja, að mestu skipti um góðar skólabækur, að þær séu vel samdar, þ. e. að efni þeirra, málfar og andi allur

sé við barna hæfi. Það hefir verið viðurkennt, að nauðsyn bæri á eftirliti með slíku af hálfu hins opinbera, sbr. lög um fræðslunefndir frá 1928.

En þó er annað atriði, er snertir útgáfu skólabóka, sem miklu skiptir, það er ytri frágangur bókana, pappirsgæði, letur, prentun, band og prófarkalestur o. fl., og þó ekki sízt verð þeirra og ending í hlutfalli við verðið. Það mun láta nærri, að bókakostur eins barns öll skólaárin sé nú kr. 70.00. Þetta er mikið fé, og er oft alltilfinnanleg útgjöld, þegar fátækasta stéttin á hlut að máli. Enda mundi sannanlegt, ef skýrslur eru fyrir hendi, að mikill hluti fátækustu barnanna eignast aldrei allan þann bókakost, sem lög og reglugerðir skólanna ákveða, og er það aðeins hið geysiháa verð skólabókanna, sem nú er, og fátækt barnanna, sem sviptir þau nauðsynlegum bókakosti. Má nærri geta, hver hugraun slíkt er fyrir námfús börn.

Verð á bókum er hér allt of hátt. Það gildir allt annað um skólabækur en aðrar bækur, sem út eru gefnar. Þjóðin leggur sjálf til öruggan markað fyrir þær með lögum og fyrirskipunum um skólahald og bókakost.

Í þeim menningarlöndum, er vér í flestu viljum sniða stakk vorn eftir, er þessum málum fyrir löngu skipað í það horf, að þjóðirnar og einstök bæjar- eða borgarfélög hafa útgáfu og umsjón skólabókanna í sinum höndum.

Sumstaðar fá öll börn ókeypis þær bækur, sem notaðar eru í skólunum, og mjög víða, þar sem ekki er svo langt gengið, er þó útbýtt bókum til fátækra barna. Hér eru skólabækurnar vissasta tekjulind nokkurra útgefenda og bóksala.

Úr þessu er frv. ætlað að bæta. Ætti það, ef að lögum yrði, að tryggja góðan frágang á bókunum, og auk þess talsvert lægra verð en nú er. Þess eru dæmi, að kennslubækur eru seldar við verði, sem nemur allt að 1,00 kr. á hverja örk, og margar eru seldar fyrir um og yfir 50 aura á hverja örk. Þó eru þessar bækur prentaðar í stórum upplögum og trygg mikil sala árlega. Hreinn útgáfukostnaður nemur ekki nærri helmingi þessa verðs. Háa verðið liggur að nokkru leyti í óþarflega miklum gróða útgefenda, en að nokkru leyti í óhæfilega miklum sölukostnaði. Nemur hann frá 25% til 40% af útsöluverði bókana.

Stefna frv. er sú, að bækurnar verði gefnar út og seldar svo, að hvorki verði ábati né halli á útgáfunni. Með því ætti að takast að lækka verð bókana um  $\frac{1}{3}$  eða jafnvel helming verðs. Æskilegast væri, að hið opinbera legði fram þær námsbækur, sem fyrirskipað er að nota, en ofurlitil bót væri að fá verðið lækkað, svo sem hér er gert ráð fyrir.

Um einstakar greinar frv. má taka þetta fram:

#### Um 1. gr.

Bezt væri, að allar skólabækur, bæði við lægri og æðri skóla, væru gefnar út á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó þykir ekki vert að *fyrirskipa* ríkisútgáfu nema á löggiltum barnanámshókum til að byrja með. Aftur er í 7. gr. heimilað að gefa út fleiri námsbækur, ef hægt er og þörf þykir á vera.

Um 2. gr.

Sjálfsgagt er, að fræðslumálastjóri, sem hefir yfirumsjón allra slíkra mála, sé formaður útgáfustjórnar.

Um 3. gr.

Starfssvið útgáfustjórnarinnar er hér ákveðið í aðalatriðum. Að öðru leyti verður reynslan að skera úr. Þegar fyrirtækið vex, má búast við, að stjórnin þurfi aðstoð við afgreiðslu, bókhald, innheimtu o. fl., og verður sá kostnaður, sem af því leiðir, talinn með útgáfukostnaði.

Um 4. gr.

Með sölu við kostnaðarverði er átt við það, að hreinar tekjur af sölu bókana greiði útgáfukostnað þeirra allan, en ekki meira.

Um 5. gr.

Það þykir fara bezt á því, að skylda skólustjóra að sjá um sölu bókana. Geta þeir auðvitað falið það öðrum, til dæmis kennurum, en bera þó sjálfir ábyrgð á andvirðinu gagnvart útgáfunni.

Sölulaun þykja hæfilega ákveðin 10%.

Um 6. gr.

Þar sem bækurnar yrðu ekki gefnar út allar á fyrsta ári, heldur smátt og smátt, eftir því sem eldri upplög þrjóta, er búizt við, að 10000 kr. framlag á ári nægi. Verður það varla talin mikil viðbót við þann kostnað, sem nú fer til barnafræðslu, og væri þessu fé áreiðanlega vel varið, þar sem það kæmi smátt og smátt þúsundum heimila til góða í lækkuðu bókaverði. Nokkurt fé hlýtur alltaf að verða bundið í útgáfunni. Hér er gert ráð fyrir, að 50 þús. nægðu sem fast stofnfé. Ef meira þyrfti einstök ár, er gert ráð fyrir að greiða vexti af því.

Um 7. gr.

Sjá aths. við 1. gr.

Um 8. gr.

Sjálfsgagt er að gera ráð fyrir, að útgefendur selji upp birgðir þær, er þeir hafa, svo að þeim sé ekki bakað tjón að óþörfu.

Um 9. gr.

Útgáfan þarf að geta tekið til starfa svo fljótt, að hún gæti séð fyrir nýjum útgáfum fyrir næsta skólaár af þeim bókum, sem nú kynnu að vera á þrotum.